

2. fundur stjórnar Vaxtarsamnings Suðurlands

Haldinn á Austurvegi 56 á Selfossi, þriðjudaginn 1. júní 2010 kl. 12:00

Mætt voru: Sandra D. Gunnarsdóttir, Hjalti Þór Vignisson, Rögnvaldur Ólafsson, Rut Haraldsdóttir og Elvar Knútur Valsson. Einnig voru mættir starfsmenn Atvinnuþróunarfélags Suðurlands: Steingerður Hreinsdóttir, Hrafn Sævaldsson og Sædís Íva Elíasdóttir sem ritaði fundargerð.

Formaður stjórnar setti fundinn og gekk til dagskrár:

1. Afgreiðsla umsókna

Vaxtarsamningur Suðurlands auglýsti þann 8. apríl 2010 eftir umsóknum um styrk til uppbyggingar klasa og framgang rannsókna og þróunar á sviði matvæla, ferðaþjónustu og iðnaðar á Suðurlandi. Starfsvæði Vaxtarsamnings Suðurlands markast af Hellisheiði í vestri og eystri mörkum Sveitarfélagsins Hornafjörður. Óskað var eftir umsóknum frá klösum og/eða samstarfsverkefnum sem tengjast nýsköpun með skýrri verðmætasköpun. Gerð var krafa til þess að verkefnin styðji atvinnulíf og samfélag á Suðurlandi.

Í boði voru 20 milljónir. Mótframlag verkefna þarf að vera 50% hið minnsta. Verkefni þar sem fyrirtæki, rannsóknar-, þróunar- og háskólastofnanir vinna saman njóta alla jafna forgangs. Að auki er horft til þess að verkefnin skili ábata og störfum út í samfélagið á verkefnatímanum.

Alls sóttu 22 verkefni um styrk að upphæð 66.295.000. Stjórn samþykkir að styrkja eftirtalin verkefni um 19.1 mkr. Ellefu verkefnum var hafnað.

1. Aukin arðsemi hrognavinnslu með aukinni skynjara- og upplýsingatækni, 3,0 mkr.
2. Margmiðlunartorg, 2,5 mkr.
3. Hlývatnseldi á hvítfiski, 1,1 mkr.
4. Vetrarferðir í Skaftárhrepp, 2,5 mkr.
5. Ríki Vatnajökuls, 3,0 mkr.
6. Smáframleiðsla matvæla í Ríki Vatnajökuls, 1,5 mkr.
7. Átaksverkefni HfSu í Uppsveitum Árnessýslu – Matvælasmiðja, 2,0 mkr.
8. Fuglar á Suðurlandi, 2,0 mkr.
9. Nýting jarðgufu við framleiðslu á soðum og bragðkjörnum, 500 þús.
10. Framleiðsla á lúpínuseyði, 500 þús.
11. Þróun sjálfbærrar ferðaþjónustu í grannbyggðum Vatnajökulspjóðgarðs á Suðurlandi, 500 þús.

2. Skammtímaáætlun VSS

Lögð fram drög að skammtímaáætlun VSS fyrir árið 2010. Rætt um mikilvægi þess að skýrt sé haldið utan um árangursmælikvarða til að auðvelt sé að standa skil á þeim gagnvart ráðuneytinu. Samþykkt að starfsmenn APS klári að vinna áætlunina og sendi á stjórn til afgreiðslu.

3. Langtímaáætlun VSS

Samþykkt að Hjalti setji saman fyrstu drög að langtímaáætlun fyrir samninginn. Starfsmenn APS vinni hana áfram og sendi á stjórn.

4. Önnur mál

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið kl 16:30.

Sandra D. Gunnarsdóttir

Rögvaldur Ólafsson

Rut Haraldsdóttir

Hjalti Þór Vignisson

Elvar Knútur Valsson

Sædís Íva Elíasdóttir

Steingerður Hreinsdóttir

Hrafn Sævaldsson